

Tillaga	A 1940/UVN
Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

A 1940/UVN Þingmannatillaga um geðheilsu barna og ungmenna

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að skýrslunni um áhrif COVID-19 á geðheilsu ungs fólks verði fylgt eftir með því að skipst verði á reynslu og góðum dæmum um aðgerðir sem skilað hafa sér í bættri geðheilsu ungs fólks.

að við þekkingaröflun verði sérstaklega litið til þess hvort ákveðnir hópar á meðal ungs fólks glími við meiri erfiðleika í daglegu lífi sínu og séu í sérstakri þörf fyrir aðgerðir.

að vinnan í tengslum við núllþol gagnvart sjálfsvígum verði hluti af vinnunni varðandi geðheilbrigðisvanda.

að kanna möguleika á greiningar- og meðferðarábyrgð fyrir ungt fólk á Norðurlöndum sem á við geðheilbrigðisvanda að etja.

Bakgrunnur

Geðræn vandamál hafa lengi verið vaxandi samfélagslegt vandamál. Börnum og ungmennum sem eiga við geðrænan vanda að stríða hefur fjölgað mikið á undanförunum tíu árum. Í Svíþjóð tvöfaldaðist fjöldi innlagna barna og ungmenna vegna greiningar með geðsjúkdóm á 2. áratug þessarar aldar. Einkum felst þessi aukning á geðrænum vanda í greiningum á þunglyndi og ýmiss konar kvíðaröskunum. Þá hafa streita og áhyggjur jafnframt aukist. Þetta er vaxandi lýðheilsuvandamál sem hefur í för með sér mikla vanlíðan fyrir þau sem það snertir. Jafnframt er þetta stórt samfélagslegt vandamál þar sem þetta leiðir oft til erfiðleika síðar á ævinni.

Samfélaginu ber ávallt að setja börn og ungt fólk sem þarf aðstoð í fyrsta sæti. Það er sameiginleg ábyrgð okkar að öll börn eigi góða æsku og hafi tækifæri til að þroskast á sínum eigin forsendum.

Mikilvægt er að uppgötva geðrænan vanda snemma og grípa hratt inn í. Lítil vandamál geta orðið að stórum vandamálum sé ekki gripið snemma til rétttra aðgerða. Við vitum



að einangrun, takmörkuð innsýn í fjölskyldur, utanaðkomandi álag og minni félagsleg samskipti auka líkur á vanlíðan barna á heimilum sínum. Gera þarf betur þegar kemur að snemmbúnu innngripi og fyrirbyggjandi aðgerðum. Snemmbúið inngríp kallar á náið samstarf hlutaðeigandi aðila, svo sem skóla, félagsþjónustu, geðlækningaþjónustu barna og ungmenna og borgaralegs samfélags. Þegar ungt fólk glímir við geðræna kvilla er mikilvægt að til sé heilbrigðisþjónusta þar sem mikil færni er til staðar og að hún sé aðgengileg.

Geðheilsu fór enn frekar hrakandi í faraldrinum, einkum á meðal barna og ungmenna sem voru í viðkvæmri stöðu fyrir. Börnum og ungmönnum sem finna fyrir áhyggjum og kvíða og börnum sem upplifa sig einangruð og einmana fjölgaði í faraldrinum. Samkvæmt sænsku samtökunum Barnens Rätt i Samhället (Bris) fjölgaði samtölum vegna kvíða um 61% í faraldrinum. Í Finnlandi hefur ungmönnum sem leggjast inn á sjúkrahús vegna geðraskana eða dveljast á geðheilbrigðisstofnunum fjölgað frá árinu 2017.

Það hefur mikil áhrif á daglegt líf barna ef tekjur fjölskyldunnar duga ekki fyrir nauðsynjum. Það felur í sér skerðingu lífsgæða í allt frá hversdagslegum atriðum á borð við að hafa ekki efni á að taka þátt í tómstundum til lægra menntunarstigs og lakari heilsu. Fjármálaáhyggjur foreldra og óvissan sem fylgir því að ná ekki endum saman hefur einnig mikil áhrif á börn. Vinna gegn fátækt barna sem fram fer að undirlagi velferðarnefndarinnar er því mikilvægur liður í því að bæta heilsu ungs fólks.

Mikill munur er á líðan stúlkna og ungra kvenna samanborið við drengi og unga menn. Stúlkur og ungar konur segjast oftast glíma við geðræn vandamál á borð við kvíða og áhyggjur og eiga frekar á hættu að þjást af þunglyndi. Streitutengdir kvillar eru einnig algengari á meðal stúlkna og ungra kvenna. Drengir og ungir menn eiga erfiðara uppdráttar í skólanum og fleiri drengir og ungir menn fyrirfara sér. Norðurlandaráð setti sér markmið um að lækka tíðni sjálfsvíga um 25% fyrir árið 2025 og jafnframt að koma í veg fyrir öll sjálfsvíg á meðal barna og ungmenna.

Margt ungt fólk stendur utan við samfélagið ef það hefur hvorki nám né vinnu sem það getur stundað. Í Danmörku hafa 45 þúsund ungmenni á aldrinum 15 til 25 ára enga ástæðu til að vakna á morgnana og fara hæfileikar þeirra og kraftar forgörðum. Ýmsar ástæður eru fyrir því að geðheilsu fer hrakandi og að ungt fólk situr í auknum mæli heima eða finnur sig ekki í samfélaginu. Meðal annars snýst það um að skólinn hefur ekki getað veitt nauðsynlegan stuðning og að geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungt fólk er ekki nógu aðgengileg.



Mannúðarstarf og aðgengileg aðstoð borgaralegs samfélags er ómetanleg, ekki síst fyrir börn og ungt fólk. Ekki er hægt að undirstrika nóg mikilvægi samstarfsins á milli borgaralegs samfélags og þess opinbera.

Við þurfum aukna þekkingu á geðheilsu ungs fólks. Áður hefur Norðurlandaráð samþykkt að því verði fylgt eftir hver áhrif faraldursins voru á börn og ungt fólk. Safna þarf saman þeirri þekkingu sem er til staðar í löndunum svo unnt sé að miðla henni og við getum lært hvert af öðru og rætt hvað gera megi til að bæta aðgerðir í þágu geðheilsu barna og ungs fólks. Mismunur er að aukast þegar kemur að heilsu og við þurfum að setja aukinn kraft í að skapa jafnara samfélag og jafna út hið heilsufarslega bil í samfélaginu.

Stokkhólmi, 23. janúar 2023

Stokkhólmi, 23. janúar 2023

Anna Vikström (S)
Annette Lind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Doris J. Jensen (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Lindh (S)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Viljanen (sd)
Heléne Björklund (S)
Henrik Møller (S)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)
Lars Mejern Larsson (S)
Maria Durhuus (S)
Mats Wiking (S)
Mirja Räihä (sd)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per-Arne Håkansson (S)
Ragnhild Male Hartviksen (A)
Sara Emil Baaring (S)
Stein Erik Lauvås (A)
Tove Elise Madland (A)
Truls Vasvik (A)